

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra um reikning fyrninga og vaxta vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 50. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirfarandi reglur skuli gilda gjaldárið 2007 við útreikning frádráttarbærs hluta leigugreiðslna vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn að undanskildum leigubifreiðum:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið að frádregnum áður fengnum fyrningum.
2. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 2006 telst 20% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. tölul. hér að framan, að viðbættum 13,9% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 2006. Vextir reiknast af fyrningargrunni.
3. Fyrning skv. 2. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 2006 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

Reykjavík, 5. janúar 2007.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. janúar 2007